



## Fundargerð stjórnar

12. fundur

Fimmtudaginn 31. júlí 2008 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar og hófst fundur kl 14.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Gunnar Bragi Sveinsson, Vignir Kjartansson og Magnús B. Jónsson. Gunnar Svavarsson, verkfræðingur hjá Línuhönnun var í símasambandi á fundinn.

Á fundinum voru eftirfarandi málefni tekin fyrir:

### 1. Jarðfræðiskýrsla vegna urðunarstaðar

Fyrir fundinum lá skýrsla Brynhildar Magnúsdóttur jarðfræðings á Línuhönnun um fyrirhugað urðunarsvæði við Sölvabakka. Niðurstaða skýrslunnar er að svæðið sem tekið var til skoðunar geti vel hentað fyrir urðunarstað. Samkvæmt skýrslunni má reikna með að allt að 30 m þykkt jarðlag á svæðinu henti vel til urðunar. Gunnar Svavarsson mat niðurstöður skýrslunnar þannig að um mjög hentugan stað til urðunar væri að ræða.

### 2. Næstu verkefni.

Farið var yfir hver væri staða verkefnis Norðurár að finna og gera tillögur um nýjan urðunarstað. Gunnar taldi að skýrslur ættu að liggja fyrir um gróðurfar, fuglalíf og veðurfar á svæðinu sem ætti að nýtast í umhverfismat. Hins vegar þurfi að fá gerða vindrósl fyrir svæðið. Magnús tók að sér að leita til Veðurstofunnar um málið.

Gunnar Bragi tók að sér að ræða við Stefán skipulagsfulltrúa Blönduóssbæjar um að tekin verði afstaða til hugmynda um urðunarstað í Sölvabakkalandi við gerð aðalskipulags. Fundarmenn voru sammála um að næsta verkefni varðandi Sölvabakkaland sé að kanna viðhorf eigenda til þess annarsvegar að leigja eða hins vegar að selja land undir urðunarsvæði. Gunnar Svavarsson tók að sér að kanna hvort til séu fyrirmyndir að samningum við landeigendur um urðunarsvæði. Gunnar S. benti einnig á að miðað við niðurstöður jarðfræðiskýrslu væri efni í mögulegu urðunarsvæði það gott að ástæða væri til að skoða hvort nýta mætti útgrafið efni sem námufni fyrir byggingarframkvæmdir og því væri ástæða til að sækja um námuleyfi á svæðinu.

Gunnar Svavarsson benti á að nú sé Akureyrarbær farinn að leita að urðunarmöguleikum og hugsanlega vilji þeir leita samstarfs. Niðurstaða fundarmanna var að halda óbreyttri stefnu um urðunarsvæði og áætlaða stærð þess en að tekin verði afstaða til stækkunar ef eftir því verði leitað.

Gunnar Svavarsson lagði til að stjórnarmenn og landeigandi færu í skoðunarferð og fengju kynningu á hliðstæðum urðunarstöðum og stefnt er að á Sölvabakka. Ákveðið að fara í skoðunarferð í 34. viku.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 15.00

Gunnar Bragi Sveinsson

Vignir Kjartansson

Magnús B. Jónsson